



Skipulag við undirbúning ferða á vegum leikskóla

- Einn starfsmaður er ábyrgðarmaður í ferðinni.
- Ábyrgðarmaður hefur lista yfir öll þau börn sem eru í ferðinni og upplýsingar um aðstandendur þeirra
- Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að ferðasjúkrakassi/ferðasjúkrabakpoki sé tekinn með íferðina.
- Ábyrgðarmaður þarf að vita nákvæma staðsetningu hópsins hverju sinni ef upp koma veikindi eða slys til geta hringt í Neyðarlínuna 112 eða foreldra.
- Mikilvægt er að farsími sé með í för.
- Tryggja þarf að fjöldi starfsfólks sem fer með sé nægilegur.
- Tryggja þarf eftirlit með öllum börnum. Góð leið til þess er að hver starfsmaður sé ábyrgur fyrir ákveðnum hópi barna.
- Starfsmenn sem bera ábyrgð á ákveðnum börnum í ferðinni láta ábyrgðarmann vita að öll börnin séu til staðar áður en lagt er af stað í upphafi ferðar og á áningarstöðum.
- Mikilvægt er að börnin beri einhverskonar auðkenni, t.d. endurskinsvesti, þannig að auðveldara sé að fylgjast með hópnum.
- Huga þarf að því að börn séu rétt búin fyrir ferðina miðað við aðstæður og lengd ferðar.
- Huga þarf að sólarvörn fyrir börnin.
- Mikilvægt er að halda börnunum saman í hóp og tryggja að þau verði aldrei viðskila við starfsfólk leikskóla eða foreldra/forsjáraðila.

Gæta þarf að göngustígum, þar getur verið margvísleg umferð, bæði reiðhjóla og rafknúinna ökutækja sem og gangandi vegfarenda.

Fengið af: <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/oryggishanbok/10-8-tillaga-ad-skipulagi-vid-undirbuning-ferda-a-vegum-leikskola.pdf>